

GRIPLA

Ráðgjafar

FRANÇOIS-XAVIER DILLMANN, MATTHEW JAMES DRISCOLL,
JÜRIG GLAUSER, STEFANIE GROPPER, TATJANA N. JACKSON,
KARL G. JOHANSSON, MARIANNE E. KALINKE,
STEPHEN A. MITCHELL, JUDY QUINN,
ANDREW WAWN

Gripla er alþjóðlegur vettvangur fyrir rannsóknir á sviði íslenskra og norrænna fræða. Birtar eru útgáfur á stuttum textum, greinar og ritgerðir og stuttar fræðilegar athugasemdir. Greinar skulu að jafnadi skrifaðar á íslensku en einnig eru birtar greinar á öðrum norrænum málum, ensku, þýsku og frönsku. Leiðbeiningar um frágang handrita er að finna á heimasíðu Árnastofnunar: arnastofnun.is/page/arnastofnun_timarit_gripla_leidb. Allt efni sem birtast á er lesið yfir af sérfræðingum. Greinum og útgáfum (öðrum en stuttum athugasemdum o. þ. h.) skal fylgja útdráttur á ensku. Greinum á öðrum málum en íslensku skal einnig fylgja útdráttur á íslensku. Hverju bindi Gripla fylgir handritaskrá.

GRIPLA

RITSTJÓRI

GÍSLI SIGURÐSSON

XXII



REYKJAVÍK

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM

2011

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM
RIT 83

Prófarkalestur

HÖFUNDAR OG RITSTJÓRI

Aðstoð við prófarkalestur

KATELIN PARSONS, JÓHANNA KATRÍN FRIÐRIKSDÓTTIR
OG SVANHILDUR GUNNARSDÓTTIR

Handritaskrá

SVANHILDUR GUNNARSDÓTTIR

© Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Öll réttindi áskilin

Umbrot

SVERRIR SVEINSSON

Prentun og bókband

LITLAPRENT EHF.

Prentþjónusta og dreifing

HÁSKÓLAÚTGÁFAN

Meginmál þessarar bókar er sett með 10,5 punkta Andron Mega Corpus lettri
á 13,4 punkta fæti og bókin er prentuð á 120 gr. Munken Pure 1.13 pappír

PRINTED IN ICELAND

ISSN 1018-5011

ISBN 978 9979 654 20 9

EFNI

Þórunn Sigurðardóttir: Upp skýst löngu gleymt listaverk: Óþekkt kvæði eftir Hallgrím Pétursson	7
Kirsten Wolf: Saga af Fides, Spes ok Karítas	41
Carla Cucina: The Rainbow Allegory in the Old Icelandic Physiologus Manuscript	63
Sigurjón Páll Ísaksson: Skammar eru skips rár	119
Heimir Pálsson: <i>Uppsalaedda, DG 11 4to</i> : Handrit og efnisskipan	135
Helgi Skúli Kjartansson: Af Resensbók, Kristnisögum og Landnámuvíðaukum	161
Daniel Sävborg: Konsten att läsa sagor: Om tolkningen av trosskiftets betydelse i <i>Njáls saga</i>	181
Haukur Þorgeirsson: <i>Þóruhjól</i> og Háu-Þóruleikur	211
Giovanni Verri: Um rithendur Ásgeirs Jónssonar: Nokkrar skriftarfræðilegar athugasemdir	229
Handritaskrá	259



HAUKUR ÞORGEIRSSON

ÞÓRULJÓÐ OG HÁU-ÞÓRULEIKUR¹

SAGNAKVÆÐIN eru kvæði undir fornyrðislagi sem varðveitt eru í handritum frá 17. öld og hef ég áður fjallað nokkuð um eðli þeirra og aldur (Haukur Þorgeirsson 2010). Niðurstaða mín er að þau elstu séu allgömul, sennilega frá 14. öld, og sverji sig í ætt við hin kvenlegu Eddukvæði. Í þessari grein er fjallað nánar um eitt sagnakvæðanna, *Þóruljóð*, og texti þess gefinn út. Rökstutt er að *Þóruljóð* séu tengd hinum ærslafulla Háu-Þóruleik sem heimildir eru um frá 17. öld og síðar.

Varðveisla *Þóruljóða*


Þóruljóð eru, svo að mér sé kunnugt, varðveitt í heild sinni í tíu handritum og hef ég gert samanburð á þeim öllum. Segja má að eftirfarandi sjö hafi textagildi:

- G = AM 147, 8vo
- B = Add. 11.177
- V₁ = NKS 1141, fol
- V₂ = JS 405, 4to
- T = Thott 489, 8vo III
- I = JS 80, 8vo

Auk þess er kvæðið varðveitt í JS 126, fol (eftirrit af B), JS 406, 4to (uppskrift Jóns Sigurðssonar á V₁ með orðamun úr G) og JS 581, 4to (runnið frá G en varla beint eftirrit af því).

Eitt erindi er varðveitt í orðabók Jóns Ólafssonar úr Grunnavík, undir flettunni 'bera' (J = AM 433, fol II.1 77v–78v). Skyldleiki þess handrits við önnur verður ekki ákvarðaður. Skyldleika hinna handritanna má sýna í stemma á eftirfarandi hátt.

1 Þessi rannsókn var unnin í tengslum við verkefnið „Samspil bragkerfis, hljóðkerfis og setningagerðar“ sem styrkt var af Rannsóknasjóði Rannís 2009–11 (verkefnisstjóri: Þórhallur Eypórsson). Ég vil þakka Aðalheiði Guðmundsdóttur, Helga Skúla Kjartanssyni og ritrýndum *Griplu* fyrir góðar ábendingar.



Ættartréð byggist á rannsókn Jóns Helgasonar á sambandi kvæðabókanna G, B, V_1 og V_2 (Jón Helgason 1960, 47). Ekki er efamál að V_1 og V_2 eru systurhandrit og heldur ekki að *V og B eigi sér sameiginlegt forrit, hér kallað *Y. Það sem ekki er alveg öruggt er hvort *Y var systurhandrit G eða eftirrit af G. Jón Helgason taldi hið fyrrnefnda líklegra og verður það haft fyrir satt hér.

Eins og sjá má er G það varðveitta handrit sem stendur næst erkiritinu. Handritin V_1 og V_2 eru bein eftirrit af *V en T hefur frábrugðnari texta og er varla beint eftirrit. Handritið I hefur nokkra sérstöðu, það sýnir greinilegan skyldleika við *V en hefur þó verulega breyttan texta. Þetta er því líkast sem einhver hafi lært kvæðið utan að eftir *V og síðan hafi það seinna verið skrifað aftur upp eftir minni. Þetta þyrfti þó nánari rannsóknar við.

Séra Gissur Sveinsson skrifaði G árið 1665 og *X hefur hann trúlega skrifað skömmu áður. Með G hafa varðveist rissblöð með hendi Gissurar sem benda til að hann hafi sjálfur skrifað a. m. k. sum kvæðin í bókinni upp úr munnlegri geymd (Jón Helgason 1960, 51–54). Mér þykir líklegt að þetta eigi við um *Þóruljóð* enda er ekki vitað um neina söfnun á íslenskum fornkvæðum fyrir daga Gissurar.

Við útgáfuna sem hér liggur fyrir er handritið G lagt til grundvallar. Orðamunar er getið úr B, V_1 , V_2 og T en aðeins í þeim tilfellum þar sem bæði B og *V (eftir því sem það verður endurgert) hafa annan leshátt en G. Ýmiss konar afbökunum og leiðréttingartilraunum í einstökum handritum

er þar með sleppt enda er iðulega ekkert á þeim að græða. Texti I er nokkuð áhugaverðari en hann er of frábrugðinn megintextanum til að heppilegt sé að fella hann undir orðamun. Ef efnt yrði til heildarútgáfu á sagnakvæðunum væri rétt að gefa þann texta út sérstaklega en til þess er ekki ástæða hér. Allur orðamunur úr J er tekinn með en þar er aðeins einni vísu til að dreifa.

Þórujól hafa einu sinni verið gefin út áður, hjá Ólafi Davíðssyni (1898, 92–94). Þar er T lagt til grundvallar en örlítill orðamunur tekinn úr öðrum handritum. Þar sem T hefur alls ekki upprunalegasta textann og útgáfan er ekki vönduð virtist full ástæða til að gefa kvæðið út að nýju.

Texti *Þórujól*

1. Heyrtt hafa þiöder
 Þolleifs gieted
 sa hefur dreingur buid
 j dana velldi,
 hann var manna
 mestur j heime,
 þö eg auke það
 wt j heima.

3. Vpp gatu þau
 eirnn ad fæda
 son sælgietinn
 sier til yndis
 þotti þiodum
 Þorkjell vera
 j fornnum sid
 frægur snimmendis.

2. Ätt hafde sier
 enn fyrer löngu
 bwmadur konu
 brýgdu vænne
 su var lijngjerdur
 lendra manna
 nefnd var hin þyda
 Þorgjerdur fyrer mjer.

4. Tolf vetra var
 tijgenn glöggvapur
 þä hann herskipenn
 hafdi vte
 fylgde ad vetre
 födurs sijns bue
 þotte allmikell
 ættar bæter.

1.2 Þolleifs] Þorleijfz BV₁V₂T 1.8 heima] hauga BV₁V₂T 2.1 hafde] +hann BV₁V₂T 3.1 þau] þoo J (sbr. 'tamen' í meðfylgjandi latneskri þýðingu) 3.3 sælgietin] salgiætinn B; sælgætinn V₁V₂T; sæl-borinn J 3.5 þiodum] öllum J 3.8 frægur] fremstr J 3.8 snimmendis] snemmindes BV₁V₂J; snemmendis T 4.6 födurs] fódur BV₁V₂T

5. Þar var halldinn
 jola veisla
 var þar boded
 almenne til
 gieck j skala
 skrautmanna lid
 þar var glæselegur
 golfhiórttur skipadur.

6. Heyrdu höldar
 ä hurd bared
 þä var bragnna lid
 under bord *genged*
 kvadde Þorkiell
 þræl til hurdar
 biodttu sijdkommum
 og set hann til drykkiu.

7. Þræll ried ad hlaupa
 þegar frá hurdu,
 bar med öpe
 jnn þä sögu
 komenn er gögur
 med grimmann hug
 sü vill Þorkjell
 þinn fund hafa.

8. Skallttu vmn greipur
 ganga hvörge
 þä ræde hun þvi
 þussa möder
 enn ef ad arkar
 jnn flagd kona
 skulum vijg hvatann
 verja aller

5.3 var þar] þar var B; þá var V₁V₂T
 biottu T

9. Wt mun eg ganga
 frá ydur hiedann
 vita hvad mier hefur
 menngrund hugað
 hræddist eg ecki
 þa eg yngre var
 häfar bruder
 helldur enn lägar.

10. Drös leit hann standa
 fyrer dyrum skala
 su var ad øllu
 hærre enn kallmenn
 fyrr nam hann häfa
 hladgrund ad kvedja
 enn nyta mey
 nafnns ad spyrja.

11. Mær munttu vera
 manna störra
 þu hefur driugmikid
 ä deige vaxid
 mig hafa höldar
 hafann kallad
 enn eg traudlega þier
 tek under linda.

12. Ætt mijna kann eg þier
 øngva ad seigja
 þvi eg fundenn var
 fiærre bygdum
 hef eg vijf vered
 ä vegum leinge
 fyrst ad eg husa
 leitade þinna.

6.7 biodttu] biöd þu BV₁; biódtu V₂;

13. Hefe eg vjda
med vesölld *geingid*
og hvömlleid verid
hvörjum manne
hrædast mig marger
þeir ed mig lyta
og er mijn ecke
þraut ad *minne*.

14. Villda eg Þorkjell
þiggja þad af þier
þu lögleidder mig
leingra hote
þä munde Þöru
þiod vel lytast
ef ad vist j vetur
veita giörder.

15. Vist skal þier verda
veitt til sumars
af þvi myklu
mäle vardar
fliod skal fara
j fride manna
hier eru allmikel
mijn räd j bæ.

16. Gieck digur og hä
dros j skäla
þeirre fylgde
Þorkiell konu
su fieck ecke af brögnum
bljidar kvedjur
henne giörde eingenn
ad heilsa af meinge.

17. Þorkiell beidde
mödur sijna
þü skalltt brude
beina vinna
skallttu hiä þier snöt
sitja läta
hun er þurfinn miög
þinnar hylle.

18. Ried af färe
fullvitug svara
strijdfeingeleg
arfa sijnum
sef eg alldrei
med vrdbuum
sem furdu miög
flögd heill hafa.

19. Þad skal ecke Þöra
þitt gialld vera
þö ad hun late sier
lijtt vel takast
gackttu j önduge
og ædra sæte
eigdu vng vid mig
ät og dryckiu.

20. Sialfur vill hann brude
beina vinna
og hoskre mey
handlaug bera
höfudbuning fieck
henne gödann
situr snot j sal
med silke fallde.

14.1 Villda] Villdi BV₁V₂T 19.3 þö ad] þott ad BV₁V₂T 19.7 vng] ÷ BV₁V₂T
20.5–6] höfudbuning hen*ni* feck gödan BV₁V₂T

21. Rwm þurftte hun
 recka þriggia
 þar ed snot j sal
 sitia skyllde
 fludu atta
 vr ønduge
 segger sæte
 fyrer saker Þoru.

22. Mær takttu yfer þig
 mijna skickiu
 þann tel eg gödann
 gudvef soma
 leid af øxlum
 allskammmtt mane
 skyrtt var þad fyrer mjer
 hann skamt ofann tæke.

23. Lijtt sem lidu
 jöl af høndum
 hvør för sinna
 heimkynna til
 enn þeir spurdu
 sem eptter voru
 hvad muntu vijf vngtt
 vinna kunna?

24. Segl kann eg ad giöra
 yfer gjalfur mara
 myklu frægra
 enn þier ädur hafed
 vijst værer þu
 verdugur granne
 vistar launa
 *verdur störlagra.

25. Ried hun Þöra
 Þorkiele ad selja
 segl gullofid
 fyrer sumar litlu
 eingenn þottest
 af yta kindum
 slykar hnösser
 sied nie att hafa.

26. Þu muntt sigla
 fram m j romu
 vera fremstur j før
 allra manna
 skal þig alldrei
 hamingjuna skortta
 ä medan su hin bjartta
 byrvod þoler.

21.3 ed] ÷ B; er V₁V₂T 22.6 mane] mäne BV₁V₂T 22.8 hann] hun BV₁V₂T
 23.1 sem] eða 'sinn' G. Í JS 406, 4to les Jón Sigurðsson 'sinn'. 24.1 ad] ÷
 BV₁V₂T 24.4 ädur hafed] ädur haft hafid BV₂; ädr hafið haft V₁; fyr hafid
 T 24.8 verdur] svo BV₁V₂T; verda G 25.5 eingenn] enn einginn (einge T)
 BV₁V₂T

Efni Þóru ljóða

Kvæðið gerist í Danmörku í heiðnum sið. Þorkell er ungur og efnilegur maður sem er í hernaði um sumarið en í foreldrahúsum um veturinn. Um jólin er haldin glæsileg veisla. Þegar fólk er sest til borðs er barið á dyr. Þorkell sendir þræl til dyra. Sá kemur æpandi til baka og segir að gýgur standi fyrir dyrum og vilji ná tali af Þorkeli. Þorkell segist óhræddur og fer til dyra. Þar stendur mjög hávaxin kona og nefnist hún Þóra. Hún segist hafa þvælst víða og verið hvimleið öllum en nú leitar hún á náðir Þorkels og vill að hann lögleiði sig og veiti sér veturvist. Þorkell tekur Þóru vel og leiðir hana inn í skálann. Hann leiðir Þóru í öndvegi, ber henni handlaug, færir henni dýran höfuðbúnað og skikkju sína. Aðrir viðstaddir taka Þóru illa og hrökklast undan henni. Vorið eftir gefur Þóra Þorkeli gullofið segl og spáir vel fyrir honum.

Þóru ljóð eru fremur stutt, 26 erindi. Ólafur Davíðsson taldi að kvæðið væri ekki heilt (Ólafur Davíðsson 1898, 94) og Finnur Jónsson hélt því fram að endinn vantaði á það. Fannst Finni að eitthvað meira hlyti að þurfa að koma fram um samband Þóru og Þorkels og taldi helst að Þorkell ætti að ganga að eiga Þóru (Finnur Jónsson 1924, 132). Sjálfur er ég efins um að kvæðið hafi nokkurn tíma verið lengra enda virðast heillaóskirnar í síðasta erindinu vera eðlilegt niðurlag. Hið einkennilega samband Þóru og Þorkels reyni ég að skýra hér á eftir.

Aldur Þóru ljóða

Í grein um *Gullkársljóð* og *Hrafnagaldur Óðins* fjallaði ég um kvæði undir fornyrðislagi sem varðveitt eru í handritum frá 17. öld og reyndi að finna hvaða aðferðir myndu helst duga til að tímasetja þau (Haukur Þorgeirsson 2010). Niðurstöður mínar voru að *Gullkársljóð* væru frá síðmiðöldum, e. t. v. frá miðri 14. öld, en *Hrafnagaldur* væri til orðinn eftir siðaskipti, sennilega á fyrri hluta 17. aldar. Hér verður sömu aðferðum beitt á *Þóru ljóð*. Skýringar eru sums staðar stuttorðar en finna má ítarlegri útskýringar í fyrri greininni.

Til forna féllu vísuorð í fornyrðislagi inn í tiltekin bragfræðileg mynstur sem byggðust á áherslu og atkvæðaþunga. Í vísuorðum sem samanstanda af tveimur tvíkvæðum orðum voru til dæmis tvö möguleg mynstur. Annars

vegar geta bæði orðin haft þungt fyrra atkvæði og kallast þá A-línur. Hins vegar getur fyrra orðið haft bæði atkvæðin þung og seinna orðið haft fyrra atkvæðið létt. Það kallast A2k-línur. Í *Þóruhjódum* er 51 tvisvar tvíkvætt vísuorð og skiptast þau í 42 A-línur (t. d. 4.8 ‘ættar bæter’ og 21.5 ‘fludu atta’) og 9 A2k-línur (t. d. 1.2 ‘Þolleifs gieted’ og 20.4 ‘handlaug bera’). Öll þessi vísuorð fylgja sem sagt fornum reglum og sýnir það að *Þóruhjód* eru ort fyrir hljóðdvalarbreytingu.

Í *Þóruhjódum* hafa þau vísuorð sem ekki hafa –r endingar að meðaltali atkvæðafjöldann 4,55 (4,45–4,65).² Þau vísuorð sem innihalda –r endingar hafa að meðaltali atkvæðafjöldann 4,42 (4,22–4,62) ef –r er reiknað óatkvæðisbært. Ef –r er reiknað atkvæðisbært hafa þessi vísuorð að meðaltali atkvæðafjöldann 5,50 (5,26–5,74). Af þessu er eðlilegt að draga þá ályktun að –r sé ekki atkvæðisbært í *Þóruhjódum*. Ég þekki engin kvæði ort eftir 14. öld sem svo er háttað um.

S-stuðlun er það kallað þegar ‘sn’ eða ‘sl’ stuðlar við ‘s’. Hvort tveggja kemur fyrir í *Þóruhjódum*.

- 17.5–6 skallttu hiä þier **snöt** / sitja läta
 20.7–8 situr **snot** j sal / med silke fallde.
 21.3–4 þar ed **snot** j sal / sitia skyllde
 25.7–8 slykar hnosser / sied nie att hafa.

Einhver gæti sagt að einn stuðull sé nægjanlegur í fornryðislagslínu og þess vegna séu seinni tvö dæmin óvissari. En í vísuorðum með uppbyggingu eins og 20.7 og 21.3 (B-línur í bragfræðikerfi Eduards Sievers) ber fyrra risið nánast undantekningalaust stuðul, einkum ef það er nafnorð (Sievers 1893, 38, 70). Í *Þóruhjódum* sjálfum eru 9 önnur dæmi um þetta (3.7, 10.7, 12.3, 14.7, 16.1, 17.7, 18.7, 20.3 og 26.3) og ekkert mótdæmi. Fjögur dæmi eru því í *Þóruhjódum* um s-stuðlun og er það allskýr vitnisburður. S-stuðlun er algeng í íslenskum skáldskap fram á 14. öld en mjög sjaldgæf eftir það (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2010, 278 og víðar).

Bæði að fornu og nýju gildir í íslenskum prósa sú regla að persónubeygð sögn verður að vera fyrsti eða annar setningarliður þeirrar setningar sem hún stendur í. Í fornum kveðskap gildir hins vegar önnur regla en hana

2 Meðaltalstölurnar eru sýndar með hefðbundnum tölfræðilegum óvissumörkum (þ. e. a. s. 95%-öryggisbilum miðað við normaldreifingu).

uppgötvaði Hans Kuhn (1933). Kveðskapurinn gerir greinarmun á sjálfstæðum setningum (ótengdum aðalsetningum) og bundnum setningum (aukasetningum og tengdum aðalsetningum). Í sjálfstæðum setningum er hamlan á stöðu sagnarinnar nánast alltaf virt³ en í bundnum setningum er mjög algengt að sögnin sé höfð aftar en málið leyfir annars. Þessi tvískinnungur sagnarinnar er furðulega reglulegt fyrirbrigði öldum saman en um miðja 14. öld fer þessi regla veg allrar veraldar og í *Lilju* er til dæmis enginn greinarmunur gerður á sjálfstæðum og bundnum setningum.

Ég hef athugað stöðu sagnarinnar í öllum setningum *Þóru ljóða* sem hafa þrjá setningarliði eða fleiri. Til dæmis má taka þennan vísuhelming:

21.1–4 Rwm þurftte hun
 recca þriggia
 þar ed snot j sal
 sitia skyllde

Hér eru tvær setningar, sú fyrri er sjálfstæð og í henni er sögnin í annarri stöðu. Hin síðari er bundin og í henni er sögnin aftast. Mér telst svo til að 70 slíkar sjálfstæðar setningar séu í *Þóru ljóðum* og í þeim öllum er hamlan um stöðu sagnarinnar virt. Bundnar setningar eru hins vegar 18 og í 11 þeirra er sögnin aftar en leyft er í óbundnu máli. Af þessu sést að *Þóru ljóð* sýna hinn forna mun á setningagerðum og sýnir það enn að kvæðið sé líklega ort fyrir 1400.⁴

Í grein minni um *Gullkársljóð* benti ég á orðalagslíkindi milli þess kvæðis og gamalla kvæða undir fornyrðislagi. Þar var um að ræða *Grípisspá*, sem er oft talin yngsta kvæðið í *Konungsbók Eddukvæða*, og kveðskap úr *Hervarar sögu* og *Örvar-Odds sögu*. Hugmynd mín var að í fornyrðislagshefðinni hefðu kvæði sem væru nálæg í tíma tilhneigingu til að hafa orðalagslíkindi. *Þóru ljóð* eiga einnig sitthvað sameiginlegt með áður-nefndum textum.

- 3 Meginreglan er alls staðar ljós en í sumum Eddukvæðunum má finna nokkrar undantekningar. Kuhn skýrði þetta með kenningu sinni um „Fremdstofflieder“ sem byggdist aftur á hugmyndum Andreas Heuslers um skiptingu Eddukvæðanna eftir aldri og uppruna. Fáir munu nú trúast á þessar kenningar (sjá t. d. Sävborg 2004, Gíslí Sigurðsson 1998) og ég mun á öðrum vettvangi reyna að skýra undantekningarnar sem um ræðir á annan veg.
- 4 Þegar ég skrifaði um *Gullkársljóð* og *Hrafnagaldur* hafði ég ekki kynnt mér þetta fyrirbæri en því er nú við að bæta að hinn forni munur á setningagerðum er mjög greinilegur í *Gullkársljóðum* en horfinn í *Hrafnagaldri*.

1. Bæði í *Hervararkviðu* og *Þóruhjódum* er talað um *gjálfrmara* en það er skipskenning sem ég veit ekki til að finnast annars staðar (Finnur Jónsson 1931, 185).
2. Líkindi í sviðsetningu fara saman við orðalagslíkindi í fjórðu vísu *Grípisspár* og sjöundu vísu *Þóruhjóða*. Í báðum vísum tilkynnir undirsáti herra sínum að komumaður standi fyrir dyrum og sama orðalag er í niðurlagi vísanna:

Þóruhjód 7

Þræll ried ad hlaupa
þegar frä hurdu,
bar med öpe
jnn þä sögu
komenn er gögur
med grimmann hug
sü vill Þorkjell
þinn fund hafa.

Grípisspá 4

Þá gekk Geitir
Grípi at segja;
«Hér er maðr úti
ókuðr kominn;
hann er ítarligr
at álitu;
sá vill, fylkir,
fund þinn hafa». (Jón Helgason 1962, 46)

3. Orðalag í *Þóruhjódum* er á einum stað náskyld orðalag í *Örvar-Odds sögu*:

Þóruhjód 19.5–8

gackttu j önduge
og ædra sæte
eigdu vng vid mig
ät og dryckiu.

Örvar-Odds saga

Stíg upp, Oddr, í hásetit hjá oss
ok eig við oss át ok drykkju!
(Boer 1888, 171).

Ef til vill er þetta orðalag upphaflega fengið úr kveðskap þótt höfundur sögunnar hafi notað það í prósa. Það er einnig að finna í 16. erindi *Vambarljóða*: „Gack í öndvegi / ædra að sitia / eig svo við mig / át og dryckiu“ (NKS 1141 fol, bls. 508).

Mér þykja sterk rök hníga að því að *Þóruhjód* séu gamalt kvæði. Þau eru áreiðanlega ort fyrir siðaskipti og varla yngri en frá 14. öld. Með því er þó ekki sagt að kvæðið eins og við höfum það nú sé nákvæmlega eins og það var frá fyrstu tíð, það hefur eflaust breyst eitthvað í munnlegri geymd – t. d. er greinilegt að stuðlasetning hefur sums staðar skolast til.

Háu-Þóruleikur

Elsta varðveitta heimild sem nefnir Háu-Þóruleik er Crymogæupýðing frá 17. öld en þar er aðeins nafnið tómt að finna. Háu-Þóru er næst getið í *Skautaljóðum* Guðmundar Bergþórssonar (d. 1705):

Af Háu-Þóru hygg eg víst
hafa þær lært þó eigi sízt;
oft er það, þá um hún býst,
áfram slútir skautið þrýst. (Jón Samsonarson 1964, clxxxiv og áfram)

Einu ítarlegu heimildirnar um Háu-Þóruleik eru í handritum frá 19. öld. Elst og greinarbest er ritgerðin *Niðurráðan og undirvísan hvurnínn gleði og dansleikir voru tíðkaðir og um hönd hafðir í fyrri tíð* og kann hún að vera samin á síðari hluta 18. aldar. Leiknum er þar lýst svo:

[Þ]að er tekinn staur tveggja álna langur, so sem rekutindur að gildleika. Hönum er skautað, og yfir um hann er vafið með trafi, og lafir langt skott niður, því staur er látinn yfir hinn staurinn og bundinn fast við. Þar er og hengt á stórt lyklakerfi. Síðan er bundið um kragann á kvenhempu, og fer þar maður undir. Svunta er höfð að framan og málindakoffur yfirdregið, og þegar goðið er so tilfansað, fer maður undir hempuna, heldur um staurinn og pikkar í hallinn eða gólfið. Þá hann kemur í dyrnar, leggur hann staurinn hæversklega flatan og lædist milli fóta flestra þeirra er kring standa svo hægt sem hann getur, en úr þessu raknar hann við og springur um allt húsið svo langt sem staurinn nær upp í rafta, hristir og hringlar, so bæði brjálást og brotnar lyklar og listar. Skjaldmeyjar leika henni til beggja hliða. Þær láta öllum látum illum. Háa-Þóra þeytir sér upp á palla, gjörir þar óskunda so liggur við meiðsli. Ekki gefur hún heldur frían dansmanninn. Hann hefur nóg að verja andlitið fyrir hennar drætti og slætti, en þegar hún sefast, snáfar hún út og stingur öllum reiðanum aftur á milli fóta sér umsnúnum og sundurflakandi. Hafa þá brotnað pör og lyklar úr lagi gengið. Flestir kveða nið og narrari við dansinn, so sem:

Eg sá eina falda fokku,
so fallega hún spann.
Óþokkinn lyfti sér upp aftan. (Jón Samsonarson 1964, lxiii)

Öðrum heimildum, svo langt sem þær ná, ber í aðalatriðum saman við frásögnina í *Niðurráðan*.⁵

Líkindi með leiknum og kvæðinu

Í bréfi sem Sigurður Guðmundsson málari sendi Jóni Sigurðssyni þann 25. apríl 1865 er stutt klausa um vikivakaleiki sem hljóðar svo:

Um vikivaka hefi eg ekkert séð, enda væri það orðið of seint. Mèr dettur að eins í hug Þórhildar- eða Háu-Þóru-leikurinn, að hann kynni að hafa sinn uppruna frá Þóru-ljóðum, sem þær eflaust þekkið, og sem eru gjörð í líkum anda og Kötlu-draumur; þar er talað um háa konu eða tröllkonu, er hèt Þóra. (Matthías Þórðarson 1931, 98)

Sigurður hygg ég að hafi nokkuð til síns máls um tengsl Háu-Þóruleiks og *Þóru ljóða*. Hér tel ég það sem mér sýnist líkt með þessu tvennu:

1. Konan heitir Þóra. Nafnið er bæði í heiti kvæðisins og fjórum sinnum í því sjálfu (14.5, 19.1, 21.8, 25.1).
2. Konan er mjög há. Á þessu er þrástagast í kvæðinu, Þóra er kölluð 'gýgur' (7.5), 'að øllu hærre enn kallmenn' (10.3–4) og 'digur og hä dros' (16.1–2). Talað er um 'häfar bruder' (9.7) og 'häfa hladgrund' (10.5–6). Hún þarf rúm á við þrjá (21.1–4) og skikkja Þorkels tekur henni 'skamt ofann' (22.8). Þorkell ávarpar hana svo:

11. Mær munttu vera
manna störra
þu hefur driugmikid
ä deige vaxid
mig hafa höldar
hafann kallad

5 Auk rits Jóns Samsonarsonar er gerst ritað um Háu-Þóruleik hjá Terry Gunnell 1995 og 2007, og Ólafi Davíðssyni 1894, 137–140. Einnig er athuganir að finna hjá Sveini Einarssyni 1991, 102–106 og Strömbäck 1953.

enn eg traudlega þier
tek under linda.

3. Konan er einhvers konar óvættur sem skýtur fólki skelk í bringu. Í kvæðinu er hún kölluð ‘gýgur med grimmann hug’ (7.5–6), ‘þussa möder’ (8.4) og ‘flagd kona’ (8.6). Hún lýsir sér svo:

13.3–6 og hvómleid verid
hvörjum manne
hrædast mig marger
þeir ed mig lyta

Háa-Þóra hefur ekki heldur verið frýnileg. Jón frá Grunnavík talar um ‘skripildi (monstra)’ (Jón Samsonarson 1964, clxxxvi).

4. Konan kemur í jólaveislu. Íslenskir leikir fóru einkum fram í jólaveislum og hefur það varla síður átt við Háu-Þóruleik en svipaða leiki.

5. Fólk flýr undan konunni. Í kvæðinu segir:

21.5–8 fludu atta
vr ønduge
segger sæte
fyrer saker Þoru.

Ólafur Davíðsson segir um leikinn: „Verður af þessum gauragangi valla vært í leikstofunni, sízt kvennþjóðinni, og verða menn að flýja, annaðhvort út eða upp á palla, ef í baðstofu er leikið“ (1894, 138). Ekki er mér ljóst hvaða heimildir Ólafur hefur haft fyrir þessu en ef þetta er ályktun hans sjálfs er hún að minnsta kosti eðlileg.

6. Konan er búin faldi og hempu. Í kvæðinu sér Þorkell Þóru fyrir skikkju (22) og faldi.

20.5–8 høfudbuning fieck
henne gödan
situr snot j sal
med silke fallde.

Uppruni leiksins og kvæðisins

Sigurður Guðmundsson lagði til að Háu-Þóruleikur „kynni að hafa sinn uppruna frá Þóru-ljóðum“ og kann það vel að vera rétt. Að leikurinn sé dreginn af kvæðinu eru þó ekki einu tengslin sem hægt væri að hugsa sér. Gæti kvæðið ef til vill allt eins verið dregið af leiknum? Eða er hvort tveggja dregið af einhverju þriðja fyrirbæri, til dæmis þjóðsögu eða ævintýri? Varla er hægt að hafna afdráttarlaust neinum slíkum tilgátum en þó má reyna að varpa ljósi á hvað sé líklegast.

Í fyrsta lagi er rétt að gæta að því að ef *Þóru-ljóð* og Háu-Þóruleikur eru upphaflega tengd fyrirbæri þá hafa þau tengsl rofnað þegar heimildir okkar ná til. Í lýsingum á Háu-Þóruleik er *Þóru-ljóða* að engu getið. Að vísu er sagt að kveðskapur sé hafður um hönd í leiknum en hann virðist vera af öðrum toga. Miðað við varðveittar lýsingar á Háu-Þóruleik er varla hægt að hafa kvæðið yfir í leiknum, leikurinn hefur mun einfaldari söguþráð.

Í öðru lagi þarf að hafa í huga að lýsingar á Háu-Þóruleik eru til muna yngri en *Þóru-ljóð*. Ef leikurinn og kvæðið eru tengd er líklegt að kvæðið sé upphaflegri heimild um hvernig ástatt hefur verið.

Í þriðja lagi eru atriði í *Þóru-ljóðum* sem ekki er í Háu-Þóruleik og eru þó með þeim hætti að þau minna á forna leiki. Í *Þóru-ljóðum* leiðir Þorkell, sem gegnir hlutverki húsráðanda, Þóru í öndvegi. Hann færir henni dýran höfuðbúnað og sína eigin skikkju. Hann gengur sjálfur um beina og færir Þóru handlaug. Hvers vegna lítillækkar húsráðandinn sig svona og sýnir utangarðskonunni svona mikla sæmd? Og hvers vegna býst Þóra við að fá góðar móttökur þegar hún knýr dyra og biður Þorkel að lögleiða sig? Á þessu er engin skýring í kvæðinu. Hins vegar minnir þetta á forna evrópska jólasíði. Í heiðnu rómversku jólahátíðinni sem nefndist *Saturnalia* áttu sér stað hlutverkaskipti í samfélaginu þannig að húsbændur gengu um beina en þrælur voru leiddir til ædstu virðingar. Á miðöldum áttu þessir síðir sér arftaka í *festum fatuorum*, fíflahátíðinni, og fól hún í sér svipuð endaskipti á samfélaginu. Einn slíkur gamanleikur sem náði mikilli útbreiðslu var að klæða barn upp sem biskup og láta það gegna störfum hans. Þetta kann að hafa tíðkast á Íslandi, að minnsta kosti er sagt um Guðmund Arason sem barn að honum „var gjör mítra og bagall og messuföt, kyrkja og altari, og skyldi hann vera byskup þeirra ávallt í leikum þeirra“ (Árni Björnsson 1993, 294).

Niðurlagsorð

Þegar Gissur Sveinsson tók til við að skrifa upp fornkvæði á seinni hluta 17. aldar hefur hann áreiðanlega bjargað mörgum þeirra frá glötun. Trúlegt er að þetta eigi við um Þóruljóð enda eru öll önnur handrit sem innihalda kvæðið heilt runnin frá uppskriftum Gissurar. Yfirskrift kvæðabókar Gissurar er „Nokkur fornkvæði til gamans“ og sýnir það hvaða augum menn hafa þá litið innihaldið. Kvæðin sem um ræðir voru alþýðleg skemmtun sem áður hafði lítt tíðkast að festa í letur. Menn hafa talið kvæðin gömul og er svo að sjá sem það hafi í flestum tilfellum verið rétt. Mikill hluti þeirra er greinilega upprunninn fyrir siðaskipti og þar á meðal eru Þóruljóð sem hafa mörg fornleg einkenni til að bera.

Að mestu er það myrkri hulið hvers konar leikir og skemmtanir hafa tíðkast á Íslandi á síðmiðöldum. Hér hefur líkum verið leitt að því að Háu-Þóruleikur sé tengdur *Þóruljóðum* og er þá ekki ólíklegt að hann hafi tíðkast í einhverri mynd talsvert áður en hans er fyrst getið í heimildum. Um það hvernig tengslum leiksins og kvæðisins sé háttað getum við aðeins haft uppi getgátur. Ég velti því fyrir mér að sambandi þessara fyrirbæra sé e. t. v. ekki þannig háttað að annað sé dregið af hinu heldur að upphaflega sé um eitt fyrirbæri að ræða, þ. e. a. s. að *Þóruljóð* séu samin til leikræns flutnings. Áður hefur Terry Gunnell sett fram rök fyrir því að sum Eddukvæði hafi verið ætluð til leiks og að þessir leikir hafi enn þekkt á 13. öld þegar kvæðunum var safnað (Gunnell 1995).⁶ Ef til vill hafa *Þóruljóð* tilheyrst sömu hefð. Kveðskapur undir fornyrðislagi er enn hafður um hönd í gleðileikjum þar sem heimildir okkar ná til. Svo er háttað um leik kerlingar og dóttur, sem er ekki óskyldur Háu-Þóruleik, og einnig um vítabikarinn (Ólafur Davíðsson 1894, 124–125 og 51–75). Ef *Þóruljóð* hafa upphaflega verið sett á svið er auðvelt að sjá fyrir sér hvernig kvæðið og söguþráðurinn hafi smám saman hropað fyrir ærslafullu gamni þangað til orðinn var til sá Háu-Þóruleikur sem varðveittar heimildir lýsa.

6 Rannsókn Gunnells beinist einkum að kvæðum undir ljóðahætti en sá bragarháttur líður undir lok á 14. öld og virðist fornyrðislag að einhverju leyti taka við hlutverki hans, sbr. það sem ég hef áður sagt um heilræðakvæði (Haukur Þorgeirsson 2010, 303).

GRIPLA
HEIMILDIR

HANDRIT

Árnasafn, Reykjavík

AM 433 fol. II. 1

AM 147, 8vo [Fornkvæðasafn]

British Library, Lundúnum

Add. 11.177 [Fornkvæðasafn]

Konungsbókhláða, Kaupmannahöfn

NKS 1141, fol [Fornkvæðasafn]

Thott 489, 8vo III. [Sagnakvæðasafn].

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Reykjavík

JS 126 fol.

JS 405, 4to [Fornkvæðasafn]

JS 406 4to

JS 581 4to

JS 80, 8vo [Fornkvæðasafn]

RANNSÓKNIR OG ÚTGÁFUR

Árni Björnsson. 1993. *Saga daganna*. Reykjavík: Mál og menning.

Boer, R. C. 1888. *Orvar-Odds saga*. Leiden.

Finnur Jónsson. 1920–1924. *Den oldnorske og oldislandske litteraturs historie I–III*. København: Gad.

Finnur Jónsson. 1931. *Lexicon poeticum*. København: Det kongelige nordiske Oldskriftselskab.

Gísli Sigurðsson. 1998. *Eddukvæði*. Reykjavík: Mál og menning.

Gunnell, Terry. 1995. *The Origins of Drama in Scandinavia*. Cambridge: Brewer.

Gunnell, Terry. 2007. „Masks and Mumming Traditions in the North Atlantic.“ *Masks and Mumming in the Nordic Area*, ritstj. Terry Gunnell. Uppsala: Kungl. Gustav Adolfs Akademien för svensk folkkultur, 275–326.

Haukur Þorgeirsson. 2010. „Gullkársljóð og Hrafnagaldur. Framlag til sögu forn-yrðislags.“ *Gripla XXI*: 299–334.

Jón Helgason. 1960. *Kvæðabók séra Gissurar Sveinssonar*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

Jón Helgason. 1962. *Eddadigte III*. København 1962.

Jón Samsonarson. 1964. *Kvæði og dansleikir I*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Kuhn, Hans. 1933. „Zur Wortstellung und –betonung im Altgermanischen.“ *PBB* 57: 1–109.

Matthías Þórðarson. 1931. „Þrjú bréf frá Sigurði Guðmundssyni málara til Jóns

- Sigurðssonar forseta, með athugasemdum og skýringum.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 43: 92–100.
- Ólafur Davíðsson. 1894. *Íslenzkír vikivakar og vikivakakvæði*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.
- Ólafur Davíðsson. 1898. *Íslenzkar þulur og þjóðkvæði*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 2010. *Tólfalda tryggð*. Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Sävborg, Daniel. 2004. „Om eddadikternas ursprung och ålder.“ *ANF* 119: 55–104.
- Sievers, Eduard. 1893. *Altgermanische Metrik*. Halle: Niemeyer.
- Strömbäck, Dag. 1953. „Um íslenska vikivakaleiki og uppruna þeirra.“ *Skírnir* 127: 70–80.
- Sveinn Einarsson. 1991. *Íslensk leiklist 1*. Reykjavík: Menningarsjóður.

SUMMARY

Þóru ljóð and the game of Háa-Þóra

Keywords: Alliterative verse, dating of oral traditional poetry, metrical analysis, medieval fairy tales, stemmatics, dramatic verse, masks, games.

Þóru ljóð is an Icelandic poem in the Eddic *fornyrðislag* metre preserved in a collection of ballads from 1665. Archaic metrical and linguistic features suggest that the poem is considerably older than the manuscript, perhaps as early as the first half of the 14th century. The poem tells of a tall vagrant woman or ogress named Þóra who arrives unexpectedly at a midwinter celebration in pagan Denmark. Þóra is feared and hated by everyone except Þorkell, the host, who treats her as an honoured guest, serves her personally and gives her his own cloak as well as a precious headdress. The article argues that *Þóru ljóð* was connected with some form of midwinter drama and that the descendant of this drama is Háu-Þóruleikur, a form of entertainment known from 17th and 18th century sources. The Háa-Þóra of the game shares several characteristics with the Þóra of *Þóru ljóð*, in particular the name, extreme tallness, a prominent headdress and a sudden frightening appearance at midwinter festivals.

Haukur Þorgeirsson
Ofanleiti 17
103 Reykjavík
haukurth@hi.is



HANDRIT

*Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum
fræðum, Reykjavík:*

AM 105 fol. 163
AM 107 fol. 161, 166, 169
AM 132 fol. 232, 241, 243
AM 142 fol. 234–235, 238, 250
AM 202 f fol. 235, 243–244
AM 433 fol. II.1 211, 213

AM 131 4to 230
AM 371 4to (Hauksbók 1. hl. 162–163,
166, 169–177)
AM 401 4to 245
AM 448 4to 235, 242
AM 501 4to 235, 242
AM 503 4to 235, 242
AM 504 4to 242
AM 505 4to 235, 241, 243, 247
AM 508 4to 235, 241, 250–251
AM 516 4to 242
AM 517 4to 235, 242, 252
AM 519 4to 242
AM 554 a (ð) 4to 242
AM 555 i 4to 232, 250–251
AM 558 a 4to 245–247, 250, 252–254
AM 559 4to 235
AM 566 a 4to 241
AM 566 b 4to 235, 241–242
AM 625 4to 81, 86
AM 673 a I 4to 65
AM 673 a II 4to 63–65, 67, 69–73, 76,
78, 82, 88, 111–112, 116–117
AM 673 a III 4to 65
AM 730 4to 73, 77–78
AM 731 4to (Rímbeğla) 64, 71–74,
77–78, 80, 97, 111, 116–117
AM 748 Ib – II 4to 135, 137, 146, 148,
156

AM 756 4to 135, 156
AM 757 4to 135, 137, 148, 156
AM 773 b 4to 231
AM 1058 4to V 25

AM 147 8vo (Fornkvæðasafn) 211–216
AM 194 8vo 82

Add 3 fol. 26

GKS 1005 fol. (Flateyjarbók) 174, 243

GKS 2087 4to 82
GKS 2367 4to (Konungsbók Snorra
Eddu) 135–137, 142, 148, 150–154,
156
GKS 2845 4to 243–244

*Den arnamagnæanske samling,
Nordisk forskningsinstitut, Københavns
Universitet, København:*

AM 7 fol. 234, 238
AM 16 fol. 234
AM 45 fol. 245
AM 68 fol. 242
AM 70 fol. 235
AM 77 a fol. 235, 241–242
AM 77 b fol. 242
AM 89 fol. 245
AM 282 fol. 229, 232–234, 250
AM 283 fol. 229, 233
AM 284 fol. 229
AM 285 a fol. 229
AM 310 fol. 234
AM 311 fol. 234–235
AM 233a fol. 43–46, 56, 61
AM 235 fol. 43–48, 51–56, 61

- AM 242 fol. (Codex Wormianus)
135–138, 148, 156
AM 1008 fol. 235, 241, 243–244
AM 66 4to 235, 243
AM 301 4to 235, 242, 244
AM 303 4to 235, 242, 244–245
AM 308 4to 243
AM 310 4to 26, 242
AM 311 4to 235, 242
AM 317 4to 231
AM 399 4to (Resensbók) 161–163,
165–169, 171–177, 179, 245
AM 588a 4to 246–247
AM 764 4to 82
AM 921 4to V 43
- AM 257 8vo 135
- AM 429 12mo 44–52, 56, 61
- GKS 1008 fol. 242
- Don. Var. 137 4to 243
- Landsbókasafn Íslands –
Háskólabókasafn, Reykjavík:*
- Lbs 268 fol. 120
- Lbs 313 4to 231
Lbs 399 4to II 25
Lbs 420 4to 120
Lbs 847 4to 2
Lbs 1562 4to 234–235, 245
Lbs 2030 4to II 24–25
Lbs 2388 4to 9
Lbs 3144 4to 25
- Lbs 293 8vo 231
Lbs 496 8vo 25
Lbs 883 8vo 25
Lbs 1158 8vo 9, 24–25
Lbs 1485 8vo 9
- JS 2 fol. 230
- JS 7 fol. 231
JS 126 fol. 211
JS 272 4to I 25
JS 337 4to 11
JS 405 4to (Fornkvæðasafn) 211–216
JS 406 4to 211, 216
JS 400 4to 10
JS 435 4to 235, 241, 244
JS 581 4to 211
- JS 80 8vo (Fornkvæðasafn) 211–213
JS 416 8vo 12
- ÍB 225 4to 235
- ÍB 380 8vo 18, 20, 22, 24–25
- ÍBR 133 8vo 11
ÍBR 159 b 8vo 25
- Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík:*
Þjms 8508 25
- Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík:*
Hannes Þorsteinsson, Æfir lærðra
manna 23
- Advocates' Library, National Library of
Scotland Edinburgh:*
Adv. 21.7.17 25
- Bayerische Staatsbibliothek, München:*
Clm 6302 107
- Biblioteca Apostolica Vaticana, Roma:*
Vat. reg. lat. 49 108
- Bibliothèque Municipale Cambrai:*
MS 679 (áður 619) (Cambrai Homily)
104–105, 107
- Bodleian Library, Oxford:*
MS Boreal 67 23
MS Boreal 113 25
MS Junius 11 (SC 5123) 98

British Library, London:

BL Add 4891 25
Add. 11.177 (Fornkvæðasafn) 211–216

Det kongelige bibliotek, København:

NKS 1141 fol. (Fornkvæðasafn) 211–216, 220

Thott 1768 4to 232–235, 238, 241–242, 244

Thott 489 8vo III (Sagnakvæðasafn) 211–216

Kärntner Landesarchiv:

Geschichtsverein Hs. 6/19 (Millstatt-Klagenfurt manuscript) 99

Kungliga biblioteket, Stockholm:

Sth. perg. fol. nr. 2 41, 43–46, 54, 56, 61
Sth. perg. fol. nr. 3 41

Sth. perg. 4to nr. 9 81

Sth. perg. 8vo nr. 4 150

Sth. papp. fol. nr. 22 231

Sth. papp. 4to nr. 33 27

Nasjonalbiblioteket i Oslo, Håndskriftsamlingen:

NB Oslo 313 fol. 231
NB Oslo 371 fol. 235, 243

UB 1528 4to 128

Universiteitsbibliotheek, Rijksuniversiteit Utrecht:

Utrecht 1374 (Trektarbók) 135, 148, 156

Uppsala Universitetsbibliotek, Uppsala:

DG 11 4to (Codex Upsaliensis) 8, 28, 135–137, 139–156, 158–159

Ihre 77 7–13, 24–28, 30–34, 39

Österreichischen Nationalbibliothek, Wien:

Nr. 2721 (Wiener Genesis) 99, 102–103

Glötud handrit:

R 241–242
Vatnshyrna 232, 235, 242–243

Handritanöfn:

Annáll Jóns Sigurðssonar bartskera 220

Bréfabók Þórðar biskups Þorlákssonar, sjá Lbs 294 8vo

Bréfabækur Þormóðs Torfasonar, sjá AM 282–285 a 4to

Codex Wormianus (Wormsbók), sjá AM 242 fol.

Fagurskinna A 242

Fagurskinna B 242

Fitjaannáll, sjá JS 2 fol.

Flateyjarbók, sjá GKS 1005 fol.

Hauksbók 64, 70–72, 75–76, 78–80, 97, 111, 116–117, sjá einnig AM 371 4to

Húsafellsbók, sjá AM 317 4to

Junius manuscript (Genesis A) 98

Konungsbók Snorra Eddu, sjá GKS 2367 4to

Millstatt-Klagenfurt manuscript (Millstätter Genesis) 99

Möðruvallabók, sjá AM 132 fol.

Íslendingabók 172–173, 176–177

Íslenska hómilíubókin 181

Resensbók, sjá AM 399 4to

Skarðsárbók, 161, 164–165, 168, 170–175, 177, 179

Stjórn 79, 82, 84, 86

Tómasskinna, sjá GKS 1008 fol.

Trektarbók (Codex Trajectinus), sjá Utr. 1374

Uppsalabók Snorra Eddu (Codex Upsaliensis), sjá DG 11 4to

Wiener Genesis 99, 102–103